



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 5. febrúar 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L.

Jakobsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarstjórnar

Fyrir fundinum lá tillaga að samþykktum um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar sem var áður á dagskrá 23. janúar 2013. Samþykktirnar eru byggðar á fyrirmynd frá innanríkisráðuneytinu og aðlagðar að sveitarfélaginu. Tillaga að samþykktum sem lágu fyrir fundinum er í átta köflum sem taka til hinna ýmsu sviða í stjórn sveitarfélagsins, svo sem skipan sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélags, fundarsköp, réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna og fleira. Hún er unnin á grundvelli 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi tillögu og fékk skýringar á þeim breytingum sem gerðar höfðu verið frá fyrri umræðu. Tillagan var samþykkt samhljóða.

2. Greinargerð starfshóps um ferðaþjónustu

Fyrir fundinum lá greinargerð sem starfshópur um ferðaþjónustu hafði unnið í samstarfi við atvinnuráðgjafa SSNV. Skýrslan fjallar fyrst og fremst um möguleika á byggingu og rekstri hótels á Skagaströnd.

Í niðurstöðum starfshópsins er lagt til að samið verði við Zeppelin arkitektastofu/Orra Árnason um gerð grófrar hugmyndar af 15-20 herbergja hóteli. Sérstaklega verði skoðað hvort rétt sé eða skynsamlegt að breyta eldri húsum á staðnum svo sem Hafnarhúsinu eða frystihúsunum á Hólanesi í hótél. Zeppelin arkitektastofu er ætlað að leggja fram þrívíddarskissu af hóteli sem studdar eru ljósmyndum og öðru því sem þarf til að gera tillöguna sem raunhæfasta, ásamt grófri kostnaðaráætlun. Jafnframt því að gera tillögu um stækkunarmöguleika og tengingu hótels við næsta umhverfi.

Samhliða þessari vinnu verði óskað eftir áframhaldandi samstarfi við SSNV atvinnuþróun um frekari greiningu á tækifærum við markaðssetningu hótels og gerð viðskiptaáætlunar.

Starfshópurinn leggur til að stofnað verði hlutafélag um byggingu hótels á Skagaströnd. Hlutfé verði 5 milljónir króna sem sveitarfélagið leggur til. Í samþykktum félagsins verði gert ráð fyrir mögulegri hlutfjáraukningu. Hlutverk stjórnar verði í fyrstu að leita nýrra hluthafa og vinna að fjármögnun á byggingu og rekstri hótels á Skagaströnd. Sveitarstjórn ræddi greinargerðina og þá tillögu sem þar kemur fram. Samþykkt samhljóða að leggja 5 milljónir króna í hlutfé um hótélbyggingu. Samþykkt að Adolf



H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson og Jón Ólafur Sigurjónsson skipi undirbúningsstjórn fram að stofnfundi félags um verkefnið.

Sveitarstjórn samþykkti svohljóðandi viðauka við fjárhagsáætlun 2014: Sveitarstjórn samþykkir að hækka fjárfestingalið sjóðsstreymis fjárhagsáætlunar 2014 um 5 milljónir króna. Hækkunin komi til lækkunar á sjóði.

3. Fræðslumál:

a. Fundargerð fræðslunefndar dags. 8. janúar 2014

Sveitarstjórn tók afstöðu til eftirfarandi liðar í fundargerðinni:

3-d) Bréf skólastjóra. Samþykkt að verða við erindi Hildar Ingólfssdóttur skólastjóra um leyfi frá störfum sem skólastjóri Höfðaskóla, skólaárið 2014-2015 þar sem hún hafi hlotið námsleyfisstyrk úr Námsleyfasjóði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

b. Staða og horfur í fræðslumálum.

Sveitarstjórn ræddi niðurstöður vinnufundar sem hún átti með fulltrúum Hjallastefnunnar mánudaginn 3. febrúar. Sveitarstjórn samþykkti svohljóðandi bókun: Sveitarstjórn samþykkir að hefja undirbúning að viljayfirlýsingu milli sveitarfélagsins og Hjallastefnunnar um samstarf um leikskóla og síðar grunnskóla. Áður en frekari skref verði stigin í þá átt verði áhugi sveitarstjórnar á því samstarfi kynntur og haft samráð við fræðslustjóra, skólastjórnendur, fræðslunefnd og fulltrúa foreldra og starfsmanna skólanna. Sömuleiðis verði haft samráð við forsvarsmenn Skagabyggðar. Samþykkt að boða til samráðsfundar nk. föstudag 7. febrúar.

4. Vinabæjamót

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra um Norrænt vinabæjamót í vinabæjasambandi sem sveitarfélagið er aðili að. Samkvæmt hefð um mót vinabæjanna er komið að Skagaströnd á árinu 2014. Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að taka þurfi ákvörðun um tímasetningu þess á árinu og lagt til að vinabæjamót verði haldið á Skagaströnd dagana 2.-5. júlí 2014.

Sveitarstjórn samþykkti að kynna þá tímasetningu fyrir öðrum í vinabæjakeðjunni og jafnframt að skipa eftirtalda í undirbúningsnefnd fyrir mótið:

Sveitarstjóra, Jón Ólaf Sigurjónsson, Sigríði Stefánsdóttur, formann Norræna félagsins á Skagaströnd.

5. Útvarstekjur vegna séreignasparnaðar 2009-2014

Fyrir fundinum lá samantekt um útvarstekjur vegna séreignasparnaðar. Samanlagt útsvar vegna þessa þáttar var 18,5 milljónir á árunum 2009-2013. Í samantektinni kemur einnig fram að útsvar vegna séreignasparnaðar á þessum árum nam 1,44% - 3,25% af heildarútsvari. Málið var til kynningar.



6. Bréf:

- a. Saman hópsins, dags. 30. janúar 2014.

Með bréfinu óskar hópur meistaranema í við Háskóla Reykjavíkur eftir styrk til gerðar myndefnis þar sem foreldrar eru hvattir til að verja sem mestum tíma með börnum sínum. Samþykkt að leggja 10 þús. kr. í verkefnið.

- b. Forseta ASÍ, dags. 13. janúar 2014

Í bréfinu fjallar Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ um gjaldskrárhækkanir og skorar á sveitarstjórnarmenn að hækka ekki gjaldskrár fyrir þjónustu hjá sveitarfélögum og bendir á áhrif hækkana á vísitölur og þar með verðbólgu.

Bréfið var til kynningar en í umræðum um það kom fram að við fjárhagsáætlunargerð hafi verið ákveðið að hækka ekki gjaldskrár sveitarfélagsins.

- c. Bæjarstjóra Blönduósbæjar, dags. 28. janúar 2014

Með bréfinu er kynnt svohljóðandi bókun bæjarstjórnarfundar Blönduósbæjar þann 21. janúar sl. sem var svohljóðandi: „*Bæjarstjórn Blönduósbæjar telur mikilvægt að vinna að sameiningu sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu og samþykkir að fela bæjarstjóra að kanna hug annarra sveitarfélaga í A-Húnavatnssýslu til að koma að þeirri vinnu*“.

Í bréfinu er óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins hvort og þá hvernig unnið er að frekari sameiningu sveitarfélaga í Austur – Húnavatnssýslu.

Sveitarstjórn ræddi erindi bréfsins. Í umræðu um það kom fram að sveitarstjórn taldi rétt að fara yfir skýrslu KPMG á sameiginlegum fundi sveitarstjórna í A-Hún áður en frekari vinna verði lögð í verkefnið. Það var mat sveitarstjórnar að ekki væri líklegt að sameining hlyti samþykki í íbúakosningu á Skagaströnd miðað við fyrirbyggjandi forsendur og ólíklegt að sameining muni hljóta brautargengi nema öflug atvinnuuppbygging verði á svæðinu, m.a. með aðkomu stjórnvalda.

- d. Tæknideildar Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 16. janúar 2014

Efni bréfsins er að fjalla um og óska eftir niðurstöðu í skilgreiningu sýslu og sveitarfélagamarka milli Skagafjarðar og Austur Húnavatnssýslu. Með bréfinu fylgir kort með skilgreiningu á sýslu- og sveitarfélagamörkum. Á því kemur fram staðsetning þeirra kennileita sem staðsett hafa verið sem hluti fyrrgreindra marka. Í bréfinu kemur fram að vinna hafi verið lögð í að skilgreina sýslumörk og þar með sveitarfélagamörk á Skaga. Ágreiningur sé þó um mörkin milli Þrívörðuhóls og Vestara Þverfells í Skagaheiði.

Í bréfinu er mynd af afriti úr gjörðarbók um áreiðina en í bréfi tæknideildarinnar er það kallað frumskjal. Ekki er að fullu ljóst að svo sé þar sem ekki kemur fram úr hvaða gögnum er afritað en leit að frumskjalinu hefur ekki borið árangur. Í bréfinu er tilvitnun í ljósritið og túlkun í bréfinu á setningu sem hefur verið leiðrétt. Þar segir: „*Merkjálina*



milli Húnavatns og Skagafjarðar sýslna í Skagaheiði segjum vjer að hjeðan í frá skuli æfinlega vera þessi: Frá Deildarhamri við Skagatá í suður til Holdjúpshóls ræður landamerkjalinna milli Hrauns að austan og Ásbúðna og Mánavíkur að vestan, frá Holdjúpshól beint í Þrívörðuhól, þaðan um Rangártjarnir, vestanvert við Hraunvatn og austanverða Urriðatjörn í stóran stein á norðurenda vestara Þverfells, þaðan beint í norðurenda merkjalínu milli Þverár í Hallárdal Foss og Hafragils í Ytri Laxárdal.“

Í tveimur afritum sem fundist hafa af áreiðinni frá 1885 sem gerðar hafa verið á fyrri tímum er umrædd misritun ekki tekin inn í textann heldur er skráð beint: „...frá Holdjúpshól beint í Þrívörðuhól, þaðan um Rangártjarnir, vestanvert Hraunvatn og austanverða Urriðatjörn í stóran stein á norðurenda vestara Þverfells, þaðan beint í norðurenda merkjalínu milli Þverár í Hallárdal, Foss og Hafragils í Ytri Laxárdal.“ Það er því ljóst að þeir sem tóku þessi afrit hafa annað tveggja haft þann texta til afritunar að orðalagið hefur verið alveg skýrt eða haft þann skilning skýran að orðið við sé yfirstrikað og hafi ekki átt að vera í textanum.

Sveitarstjórn Skagastrandar telur óbyggjandi að sveitarfélaga og sýslumörk hafi verið ákveðin með áreið 1885 með þeim hætti að þau liggi um vestanvert Hraunvatn. Sveitarstjórn telur því rétt að sýslu- og sveitarfélagamörk á hinum umrædda svæði í Skagaheiði verði: Frá Þrívörðuhól, (merktur RS á korti), þaðan beina línu í stóran stein á norðaustur enda vestara Þverfells. (sbr. blálituð brotalína á korti sem fylgdi bréfinu)

7. Fundargerðir

- a. Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í A-Hún. 25.11.2014
Fundargerðin var til kynningar
- b. Stofnfundar byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks, 29.01.2014
Fundargerðin var til kynningar.
- c. Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 7.01.2014
Fundargerðin var til kynningar.
- d. Stjórnar Hafnarsambands Íslands, 17.01.2014
Fundargerðin var til kynningar.
- e. Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga, 13.12.2013
Fundargerðin var til kynningar.

8. Önnur mál

Rætt var um atvinnumál.



Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10.20

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Jensína Lýðsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson